



# MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

## Áfangalýsing – vor 2013

**Námsgrein:** *Enska* (3. ár, Tungumála- og félagsgreinasvið)

**Áfanganúmer:** *ENS3C040*

**Fjöldi framhaldsskólaeininga:** 4

**Áfanginn er á** 3. þrepi.

**Undanfari:** *ENS3B040 Tungumála- og félagsgreinasvið*

### Lýsing á efni áfangans:

Í þessum áfanga er megináhersla lögð á að nemandi þróa með sér hagnýta samskiptafærni og hæfni til að tjá eigin skoðanir á ensku. Reynt er að velja kennsluefni með tilliti til reynslu og áhugasviða nemenda s.s. sérhæfðari texta sem eru þannig hvetjandi til túlkunar og skoðanaskipta. Auk hefðbundinna texta lesa nemendur einnig ljóð. Lögð verður meiri áhersla á tal en áður og fá nemendur þjálfun í flutningi á töluðu máli og áhersla er lögð á munnlega tjáningu, sjálfstætt og í hópavinnu. Auknar kröfur verða gerðar varðandi ritunarverkefni og ritgerðir. Sérstök áhersla er lögð á skipulega framsetningu hugmynda í rituðu og töluðu máli. Aukin áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, m.a. við öflun upplýsinga.

### Lokamarkmið áfangans:

#### Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- ✦ orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- ✦ notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega
- ✦ hefðum tengdum töluðu og rituðu máli, t.d. mismunandi málsnið

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ✦ lesa og skilja án vandkvæða sérhæfða texta á sviði sem hann þekkir til
- ✦ lesa sér til upplýsingar og fróðleiks texta sem gera miklar kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu eða myndmál og stílbrögð
- ✦ skilja vel almennt talað mál við mismunandi aðstæður
- ✦ nota tungumálið á sveigjanlegan og árangursríkan hátt í samræðum
- ✦ geta tjáð sig af auknu öryggi um margvísleg málefni
- ✦ skrifa margskonar texta, formlega og óformlega, svo til hnökralaust og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- ✦ skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna, lesa á milli línanna og átta sig á dýpri merkingu orða og texta.
- ✦ skilja efni fyrirlestra, kvikmynda og fréttu og tjá sig munnlega um efni þeirra.

- ⤴ taka þátt í skoðanaskiptum og færa rök fyrir máli sínu.
- ⤴ lesa flóknari texta, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar.
- ⤴ beita rithefðum sem eiga við í textasmíð, m.a. um inngang, efnisyfirling og meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlagi.
- ⤴ skilja greinilega mun á ritmáli og talmáli og geta beitt stílbrögðum t.d. myndmáli og líkingamáli.

### Námsefni:

*Reading material*, hefti í afgreiðslu MA.  
*Animal Farm*, George Orwell.  
 Aukaefni frá kennara og af veraldarvefnum.

### Kennsluhættir:

Um það bil þrjár kennslustundir í viku verða nýttar í að fara yfir efni í leshefti áfangans og tvær til að lesa *Animal Farm* efnislega. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, sköpun, gagnrýna hugsun, túlkun, umræður og ritun í tengslum við námsefnið.

Lausleg áætlun um yfirferð:

|            |                                    |
|------------|------------------------------------|
| Vika 1     | Kynning á áfanga, Leshefti         |
| Vika 2     | <i>Animal Farm</i> 1-2 / Leshefti  |
| Vika 3     | <i>Animal Farm</i> 3-4 / Leshefti  |
| Vika 4     | <i>Animal Farm</i> 5-6 / Leshefti  |
| Vika 5     | <i>Animal Farm</i> Quiz / Leshefti |
| Vika 6     | <i>Animal Farm</i> 7-8 / Leshefti  |
| Vika 7     | <i>Animal Farm</i> 9-10 / Leshefti |
| Vika 8     | Leshefti / <i>Animal Farm</i> Quiz |
| Páskaleyfi |                                    |
| Vika 10    | <i>Animal Farm</i> - lokaverkefni  |
| Vika 11    | Leshefti                           |
| Vika 12    | Leshefti                           |
| Vika 13    | Leshefti                           |
| Vika 14    | Leshefti                           |
| Vika 15    | Leshefti                           |
| Vika 16    | Leshefti                           |

### Námsmat

1. Vinnueinkunn / símat gildir 25%. Hér gildir frammistaða í umræðum, verkefni tengd leshefti áfangans og almenn ástundun.
2. Kannanir úr *Animal Farm* gildir 10%.
3. Lokaverkefni úr *Animal Farm* gildir 15%.
4. Skriflegt lokapróf gildir 50%.

**Reglur enskudeildar MA er að finna á vef skólans og á moodle. Nemendur eru hvattir til að kenna sér þær ítarlega.**

Réttur til breytinga áskilinn.  
 Gangi ykkur vel,

*Hildur*